



Ritrynd grein birt 29. september 2011

Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir

Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun

Haustið 2007 hófst tveggja ára starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við Kennaraháskóla Íslands. Meginmarkmið námsins var tvíþætt. Annars vegar að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa á þeim vettvangi sem þroskaþjálfabraut menntar nemendur til. Um var að ræða störf á leikskólum, frístundaheimilum, bókasöfnum, í félagsmiðstöðvum og á vettvangi fatlaðs fólks. Hins vegar var að því stefnt að gera nemendum kleift að öðlast hagnýta þekkingu og félagslega færni í námsumhverfi án aðgreiningar í því skyni að greiða fyrir aukinni þátttöku þeirra í samfélaginu (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2007). Námið var skilgreint sem rannsóknartengt tilraunaverkefni sem fylgt var eftir með eigindlegri rannsókn sem hér er til umfjöllunar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að þróa námið, stuðning við nemendur og stuðla að enn frekara námi án aðgreiningar. Í þeim tilgangi var reynt að öðlast skilning á upplifun nemenda í diplómanámi og að fá fram sýn aðstandenda, mentora (samnemendur í Kennaraháskóla Íslands og á Menntavísindasviði Háskóla Íslands eftir 1. júlí 2008 þegar Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands sameinuðust), leiðbeinenda í starfsnámi og háskólakennara. Í þessari grein er ætlunin fyrst og fremst að kynna diplómanámið og skýra frá reynslu nemenda, aðstandenda og mentora af náminu. Sú gagnasöfnun sem hér er byggt á fór fram með einstaklingsviðtölum og samtölum í rýnihópum nemenda og aðstandenda þeirra. Þá skrifuðu mentorar skýrslur um reynslu sína og nemendur og aðstandendur þeirra gerðu skriflegt mat á náminu. Helstu niðurstöður benda til að hjá nemendum ríki almenn ánægja með námið. Flestir voru sammála um að stærsti ávinningurinn hafi verið félagsleg þátttaka og samvera með öðrum háskólanemendum. Jafnframt töldu flestir nemendur og aðstandendur þeirra að námið hefði aukið þeim sjálfstæði, sjálfsvirðingu og sjálfstöryggi.

Guðrún V. Stefánsdóttir er dósent og Vilborg Jóhannsdóttir lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

A semi professional diploma program for people with intellectual disabilities at the School of Education, University of Iceland

A semi professional diploma program for people with intellectual disabilities was offered for the first time during the fall of 2007 at the Iceland University of Education now the School of Education, University of Iceland. The aim of the program was to enable students to graduate with the knowledge, skills and

values that would let them take their place confidently as assistants in various jobs within the field of social pedagogy. As well as to give each student the possibility to have an individual studium based on his or her strengths, interests and chosen workfield. The students could for i.e. prepare for jobs in an early childhood education setting, within leisure activity centers, libraries and in various other settings within the given field according to their interests. Such as to get training as peer counsellors with emphasis on the rights of people with intellectual disabilities. In this light the aim of the program was also to offer practical knowledge and social skills in an inclusive setting so the students would have better opportunity to participate fully in society. The diploma program was introduced as a research based developmental project with the emphasis on qualitative research tradition. The aim of the research was to cast a light on the quality and success of the program seen from the standpoint of all concerned such as the students, their families, peer counselors (university students within the Division of Education), advisors at the practicum site and finally university instructors. The focus of this article is first and foremost on the structure of the diploma program as well as the students viewpoints of its success. This article discusses as well the viewpoints of families and peer counselors concerning expected outcomes, structure and work processes with further development in mind. Another article will be written where the views of the participating university instructors and advisors in the work related practicums will be in the foreground. The data introduced here was collected through individual interviews and focus groups consisting of students and their families. The data was also collected through participant observation during meetings with students, families and peer counselors. As well as from written outcome and process based evaluation forms and reports conducted by students, families and peer counselors. The findings show that students are on the whole very happy with the diploma program. Most of them were in an agreement that the social participation and cooperation with other students at the university were one of the greatest values of the study. The data indicates as well that students along with their families feel that they have become more independent in their daily lives and have developed a more positive self identity and self assurance.

Guðrún V. Stefánsdóttir is associate professor and Vilborg Jóhannsdóttir assistant professor at The School of Education, University of Iceland.

Bakgrunnur

Þróun í menntun fólks með þroskahömlun á Íslandi er svipuð og hjá öðrum vestrænum þjóðum þar sem stefnt hefur verið að auknum rétti og þátttöku þeirra í almenna skólakerfinu. Opinber stefna í skólamállum byggist á hugmyndum um skóla án aðgreiningar en þar er áhersla lögð á að öll börn og ungmenni, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, eigi rétt á að sækja sinn heimaskóla og stunda nám við hlið jafnaldra sinna (Lög um grunnskóla nr. 91/2008; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007; UNESCO, 1994). Stefnan hefur verið að þróast hér á landi allt frá því á áttunda áratug 20. aldar (sbr. Lög um grunnskóla nr. 63/1974; Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977). Á þessu tímabili hefur farið fram margþætt og lífleg umræða um grunnskóla án aðgreiningar og snýst hún meðal annars um að hve miklu leyti kennsla fatlaðra barna og ungmenna í almennum skóla geti farið fram innan sérdeilda eða sérúrræða án þess að framkvæmd stefnunnar sé í mótsögn við markmið hennar (Gretar L. Marinósson, 2007; Jón Torfi Jónasson, 2008). Sá skilningur sem lagður er í hugtakið skóli án aðgreiningar í þessari grein byggist á þeirri sýn að stefna beri að því að menntun fólks með þroskahömlun á öllum skólastigum fari fram í almenna skólakerfinu, við hlið jafnaldra og án aðgreiningar. Horft er til þess að nemendur fái þann stuðning og þá aðlögun sem þeir þurfa á að halda til þess að *skóli án aðgreiningar* geti orðið að veruleika

(Dóra S. Bjarnason, 2004; Gretar L. Marinósson, 2007; Hafdís Guðjónsdóttir, 1994, 2004).

Framan af snerist umræða um *skóla án aðgreiningar* eingöngu um grunnskólann en á síðustu árum hefur kastljósinu í auknum mæli verið beint að ungmennum með þroskahömlun og rétti þeirra til framhaldsskólanáms. Þrátt fyrir að ungmennin hafi fengið aðgang að framhaldsskólanámi á sérnámsbrautum frá árinu 1995 (sbr. Menntamálaráðuneytið, 2005) var réttur þeirra til náms í framhaldsskóla ekki tryggður fyrr en með lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Nemendum með þroskahömlun hefur þó nær eingöngu staðið til boða að stunda nám innan sérnámsbrauta, eða svonefndra starfsbrauta framhaldsskóla.

Samkvæmt nokkrum íslenskum rannsóknum sem gerðar hafa verið á menntun ungmenna með þroskahömlun í framhaldsskóla kemur fram að svo virðist sem félagsleg einangrun þeirra aukist í framhaldsskóla og að nám á starfsbraut ýti undir það. Þrátt fyrir vilja kennara á starfsbrautum framhaldsskólanna til aukins samruna við aðrar deildir virðist námið vera einangrað frá öðru starfi skólanna. Flestar brautirnar eru auk þess starfræktar í sérhúsnæði, ýmist innan skólans eða á skólalóðinni og margir þeirra nemenda sem talað hefur verið við hafa upplifað félagslega einangrun (Dóra S. Bjarnason, 2004; Kristín Björnsdóttir, 2002; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005; Gretar L. Marinósson, 2007). Enn fremur benda rannsóknir til að hinn hefðbundni læknisfræðilegi skilningur á fötlun þar sem greining á skerðingu liggur til grundvallar náminu stýri að töluverðu leyti vinnulagi á starfsbrautunum (Helga Gísladóttir, 2007; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005; Kristín Björnsdóttir, 2002; María Hildipórsdóttir, 2006).

Þótt margir líti á háskólanám eða annað samfellt starfsnám sem eðlilegt framhald framhaldsskólanáms þá hefur raunin ekki verið sú fyrir fólk með þroskahömlun. Háskólanám fyrir þennan hóp hefur varla verið til umræðu fyrr en á allra síðustu árum, hvorki hér á landi né annars staðar í heiminum. Ýmsir mannréttindasáttmálar og samningar hafa verið samþykktir í þeim tilgangi að tryggja nám án aðgreiningar en á síðari árum hefur Salamanca- yfirlýsingin, sem samþykkt var árið 1994 og Ísland er aðili að, án efa haft mest áhrif. Þar er skýrt kveðið á um að allir eigi rétt á að ganga í sama skóla og stunda nám á jafnréttisgrundvelli (UNESCO, 1994).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður af Íslands hálfu í mars árið 2007. Tilgangur samningsins er að tryggja að fatlað fólk njóti allra almennra mannréttinda til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Í honum er tilgreint að aðildarríkin skuli stefna að því að koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar. Með undirritun hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að vinna eftir samningnum. Um allan heim er nú litið til þessa samnings sem leiðarljóss í málefnum fatlaðs fólks, þar með talið fólks með þroskahömlun. Ísland, eins og aðrar þjóðir sem eru aðilar að samningnum, þarf á næstu árum að aðlaga sig honum með breyttri þjónustu og nýjum hugsunarhætti. Í 24. grein samningsins er fjallað um menntun. Í 5. lið segir:

Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.

Samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) felur viðeigandi aðlögun í sér stuðning sem felst í að koma til móts við þarfir og áhuga sérhvers einstaklings. Þetta á ekki síst við um þátttöku í námi á öllum skólastigum, þar með töldu í háskóla. Tilgangur með viðeigandi aðlögun er að stuðla að jafnrétti og möguleikum fatlaðs fólks til fullgildrar þátttöku í samfélaginu (Samningur Sameinuðu þjóðanna um

réttindi fatlaðs fólks, 2007). Í þessu samhengi er til dæmis talað um að bregða út af ákveðnum hæfnisþröskuldum til þess að stuðla að jafnrétti. Viðeigandi aðlögun á því vel við í umræðu um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun.

Eins og greint hefur verið frá hefur fólk með þroskahömlun á Íslandi og í öðrum löndum átt fá tækifæri til að öðlast frekari menntun að framhaldsskóla loknum. Á allra síðustu árum hefur nám í háskóla fyrir þennan hóp verið þróað á nokkrum stöðum í heiminum. Í Trinity College í Dublin á Írlandi hófst tveggja ára nám fyrir fólk með þroskahömlun árið 2005. Í skýrslu um námið kemur fram að áhrif þess birtast meðal annars í aukinni sjálfsvirðingu og sjálfstrausti, námið hefur auðveldað nemendum að fá atvinnu að námi loknu og það hefur ýtt undir þátttöku þeirra í samfélaginu. Auk þess eignuðust margir vini meðan á náminu stóð sem varð til að stuðla að enn frekari samfélagsþátttöku þeirra (O'Brien, Shevlin, O'Keeffe, Fitzgerald, Curtis og Kenny, 2009). Svipaðar niðurstöður koma fram í rannsóknum um háskólanám í Flinders-háskóla í Suður-Ástralíu en þar hefur fólk með þroskahömlun getað sótt námskeið í nokkur ár (Grantley, 2000).

Bandaríkjamenn hafa gengið hvað lengst fram í því að þróa einstaklingsmiðað nám í háskóla fyrir fólk með þroskahömlun byggt á hugmyndum um skóla án aðgreiningar. Svipaðar niðurstöður koma fram í athugunum sem gerðar hafar verið á náminu í Bandaríkjunum og áður voru nefndar. Ávinningur nemendanna birtist á margvíslegan hátt, svo sem í aukinni persónulegri færni, auknu sjálfstrausti sem og aukinni þátttöku í samfélaginu (Hart, Grigal, Sax, Martinez og Will, 2006).

Hart o.fl. (2006) hafa greint þrenns konar námstilboð fyrir fólk með þroskahömlun í fyrrnefndum háskólum. Í fyrsta lagi er um að ræða samsett nám. Nemendur eru bæði í almennum námskeiðum innan háskólans og á sérnámsbraut. Tilgangur þátttökunnar í háskólanámskeiðum er fyrst og fremst að auka félagslega þátttöku nemenda. Námslegur stuðningur og úrvinnsla úr háskólanámskeiðum fer fram innan sérnámsbrauta. Námið í Trinity College á Írlandi fellur vel að þessu skipulagi (O'Brien o.fl., 2009). Í öðru lagi er um að ræða skipulag þar sem nemendur eru fyrst og fremst á sérnámsbrautum innan háskólaumhverfisins. Nokkur dæmi um slíkt eru í Bandaríkjunum (Hart o.fl., 2006) og minnr fyrirkomulagið á starfsbrautir framhaldsskólanna hér á landi. Í þriðja lagi er skipulag sem byggist á námi með einstaklingsmiðuðum stuðningi. Um er að ræða nám án aðgreiningar við hlið ófatlaðra háskólanema og er fyrirmyndin sótt til Bandaríkjanna (Hart o.fl., 2006). Háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun hér á landi á margt sameiginlegt með háskólunum í Bandaríkjunum. Í þessari grein er markmiðið að kynna starfstengda diplómanámið við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, markmið þess, hugmyndafræði og framkvæmd. Enn fremur að varpa ljósi á reynslu nemenda af náminu, auk þess sem sýn aðstandenda þeirra og mentora er kynnt.

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði

Hugmyndafræði og tilgangur

Tilgangur diplómanámsins er í anda félagslegra sjónarmiða fötlunarfræðinnar sem hafa meðal annars það að markmiði að bæta líf og aðstæður fatlaðs fólks og ryðja manngerðum hindrunum úr vegi. Innan þessarar ungu fræðigreinar hefur á undanförunum árum verið þróaður félagslegur skilningur á fötlun sem hafnar einhliða hefðbundnum læknisfræðilegum áherslum og því viðhorfi að fötlun sé harmleikur og afbrigðilegt frávik. Þess í stað er athyglinni beint að félagslegum þáttum og hindrunum í umhverfinu, svo sem fordómum og öðrum umhverfisþáttum sem skapa erfiðleika í lífi fatlaðs fólks (Barnes, Oliver og Barton, 2002; Rannveig Traustadóttir, 2006). Samningur Sameinuðu þjóðanna

um réttindi fatlaðs fólks (2007) tekur mið af félagslegum skilningi á fötlun og því mannréttindasjónarmiði sem þar er ríkjandi. Í formálsorðum í e-lið segir:

Ríkin sem eiga aðild að samningi þessum, sem viðurkenna að hugtakið fötlun er breytingum undirorpið og rekja má fötlun til víxlverkunar milli skertra einstaklinga og viðhorfatengdra tálma og umhverfishindrana sem koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun miðaði að því að veita nemendum möguleika á fullgildri þátttöku í samfélaginu með því að gefa hópnum tækfæri til náms í háskóla (Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2007). Námsleiðin er í samræmi við mannréttindasáttmála (sbr. Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007) og yfirlýsta stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun (Stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar, e.d.). Þá var eins og áður segir tekið mið af stefnu um *skóla án aðgreiningar*.

Aðdragandi námsins

Upphaf námsins má rekja til ársins 2005 en þá tók hópur háskólakennara og fólks með þroskahömlun frá fjórum löndum þátt í tveggja ára rannsóknarverkefni sem bar yfirheitið *Empowerment and disability: Informal learning through self advocacy and life history*. Löndin sem tóku þátt voru auk Íslands, England, Írland og Belgía. Hópurinn fékk styrk frá Grundtvig rannsóknarsjóði sem er hluti af styrkjakerfi menntamálaáætlunar Evrópu-sambandsins. Írsku þátttakendurnir komu frá Trinity College í Dublin og á þessum tíma var nýhafið nám fyrir fólk með þroskahömlun við háskólann. Námið vakti óskipta athygli í rannsóknarhópnum og þrátt fyrir að verkefnið væri ekki í upphafi tengt háskólanámi fyrir þennan hóp hafði þetta þau áhrif að þátttakendur settu sér það markmið að athuga möguleika á námi fyrir fólk með þroskahömlun hver í sínu landi.

Á sama tíma höfðu verið umræður hér á landi um háskólanám fyrir þennan hóp innan Landssamtakanna Þroskahjálpar og Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra. Úr varð að Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, María Hildipórsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenntar, Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, og Vilborg Jóhannsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, mynduðu undirbúningshóp um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun. Á fundum þessara aðila var unnið að tillögum um tveggja ára rannsóknartengt tilraunaverkefni og þær lagðar fyrir rektor þáverandi Kennaraháskóla Íslands, Ólaf Proppé. Rektor studdi hugmyndina dyggilega og í ársbyrjun 2007 voru tillögurnar samþykktar í háskólaráði. Á vordögum sama ár veitti menntamálaráðuneytið Kennaraháskóla Íslands heimild til að hefja tveggja ára 60 eininga starfstengt diplómanám, staðsett innan þroskaþjálfabrautar. Námið var fjármagnað á sama hátt og annað nám innan háskólans. Auk fjármagns frá Kennaraháskóla Íslands lagði Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra, til eina stöðu starfsmanns.

Inntaka

Námið var auglýst í júní 2007 og sóttu 30 nemendur um. Heimild var til að taka inn 20 nemendur. Undirbúningshópurinn sá um að fara yfir umsóknir, taka viðtöl og velja úr umsóknum. Til viðmiðunar voru hafðar sambærilegar reglur og þá voru í gildi um inntöku á þroskaþjálfabraut. Miðað var við að nemendur hefðu lokið fjögurra ára námi í framhaldsskóla, hefðu áhuga á að starfa á þeim vettvangi sem námið náði til og talinn var kostur að hafa reynslu af störfum á þessum vettvangi. Þá var einnig reiknað með að nemendur gætu verið sjálfstæðir í háskólaumhverfinu en engin viðmið um aðra hæfni voru viðhöfð. Þess var til dæmis ekki krafist að fólk gæti lesið og skrifað. Ákveðið var að taka inn 23 nemendur og reiknað með að brottfall yrði úr náminu eins og yfirleitt er í háskóla. Raunin varð ekki sú því af þeim 23 sem hófu námið luku 22 því í júní 2009 með diplómuskírteini.

Skipulag námsins

Námið byggðist á tveimur grunnnámskeiðum sem voru sérstaklega þróuð með þarfir þessa hóps í huga. Námskeiðin voru: *Samskipti, tjáning og vinnulag* (10e) og *Inngangur að fötlunarfræðum* (10e). Í fyrrnefnda námskeiðinu stunduðu nemendur í diplómanámi námið saman án þátttöku ófatlaðra háskólanema en það var eina námskeiðið sem skipulagt var á þann veg. Í hinu síðarnefnda stunduðu nemendur nám með þroskaþjálfanemum á öðru misseri. Í náminu gafst nemendum síðan kostur á að velja tvö til fjögur námskeið (alls 20e) en valið var fjölbreytt (sjá yfirlit yfir námið hér á eftir). Sérstök áhersla var lögð á að tengja valnámskeiðin við þann starfsvettvang sem hver og einn nemandi valdi. Auk áðurnefndra námskeiða voru nemendur í starfsnámi á vettvangi undir handleiðslu starfsleiðbeinenda. Starfsnámið fól í sér fjögur námskeið á vettvangi og spannaði það u.þ.b. helming námsins. Í lok námsins unnu nemendur lokaverkefni í starfsnámi sem þeir tengdu við bóklegu námskeiðin og þá sérhæfingu sem þeir völdu sér á vettvangi. Í lok námsins var haldin ráðstefna þar sem nemendur kynntu fjölbreytileg verkefni fyrir kennurum, leiðbeinendum í starfsnámi, aðstandendum, mentorum og öðrum sem boðið var á ráðstefnuna.

Yfirlit yfir námið

<p>1. misseri Haust 2007 Skyldunámskeið: Samskipti, tjáning og vinnulag (10e) Starfsnám I (5e)</p>	<p>2. misseri Vor 2008 Skyldunámskeið: Inngangur að fötlunarfræðum (10e) Starfsnám II (10 e)</p>
<p>3. misseri Haust 2008 Dæmi um valnámskeið (5–10e): Siðfræði og fagmennska (10e) Málun (5e) Lesið í skóginn og tálgað í tré (5e) Matur og menning (10e) Starfsnám III (5–10e)</p>	<p>4. misseri Vor 2009 Dæmi um valnámskeið (5–10e): Þjóðsögur, goðsögur og ævintýri (5e) Framsögn og leikræn tjáning (5e) Tjáskipti í starfi með fötluðum (10e) Heilsa og umönnun (10e) Starfsnám IV (5–10e)</p>

Mentorar

Í náminu var þróað svonefnt mentorakerfi, en mentorar voru samnemendur í námskeiðum með nemendum í diplómanámi. Tilgangurinn var að stuðla að því að samnemendur veittu nemendum í diplómanámi stuðning á jafnréttisgrundvelli út frá þörfum og óskum hvers og eins. Mentorarnir voru háskólanemendur í þroskaþjálfarafræðum, leikskólakennarafræðum og kennarafræðum. Á fyrra námsárinu fólst stuðningur mentora fyrst og fremst í að greiða fyrir félagslegri þátttöku nemenda í diplómanámi, í frímínútum, á kaffistofu, bókasafni og í ýmsum félagslegum atburðum innan háskólans. Á síðara ári höfðu mentorar það hlutverk að styðja nemendur bæði námslega og félagslega. Stuðningur þeirra fólst til dæmis í að þeir hittu nemendur á milli fyrirlestra, einfölduðu fyrirlestra, unnu með nemendum verkefni og undirbjuggu þá til virkrar þátttöku í tímum. Haustið 2008 var síðan boðið upp á einingabær námskeið fyrir mentora og þeir fengu skilgreindar námseiningar fyrir þátttöku sína.

Mat á náminu

Náminu var fylgt eftir annars vegar með þeirri rannsókn sem hér er fjallað um og hins vegar var gert ytra mat á náminu að frumkvæði þáverandi stjórnenda Kennaraháskóla Íslands. Ytra matið náði til hagsmunaaðila diplómunámsins og rýnihópa með fulltrúum nemenda, mentora og aðstandenda. Auk þess voru tekin viðtöl við kennara á valnámskeiðum og umsjónarmann starfsnáms (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2009). Helstu niðurstöður ytra mats á náminu benda til að hjá þeim nemendum, aðstandendum, mentorum og kennurum sem tekin voru viðtöl við hafi ríkt almenn ánægja með námið. Í skýrslu um ytra mat á náminu segir meðal annars:

Almenn ánægja er meðal fulltrúa hagsmunaaðila sem rætt var við með starfstengda diplómanámið og samdóma álit að haldið skuli áfram á sömu braut því nemendur hafi eflst og sjálfsmynd þeirra styrkts af því að takast á við verkefni bæði í bóklegu námi og starfsnámi (bls. 36).

Höfundar skýrslu fundu helst að kennslufræðilegri áherslu námsins og ýmsum skipulagsþáttum þess. Má nefna skort á undirbúningi fyrir námið sem þeir töldu að komið hefði niður á námskrárgerð. Höfundar skýrslunnar nefndu til dæmis að það hefði þurft að skýra á markvissari hátt helstu áherslur og námsmarkmið bóklega hluta námsins. Enn fremur að efla einstaklingsáherslur í námskrárgerð (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2009). Í niðurstöðukafla þessarar greinar er víða vísað í matið. Tilgangur greinarinnar er þó fyrst og fremst að greina frá þeirri eigindlegu rannsókn sem umsjónarmenn námsins framkvæmdu meðan á náminu stóð og kynna helstu niðurstöður hennar.

Rannsóknin

Eins og áður segir var diplómanámið skilgreint sem rannsóknartengt tilraunaverkefni sem fylgt var eftir með þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að þróa námið, stuðning við nemendur og stuðla að enn frekara námi án aðgreiningar. Í þeim tilgangi var reynt að öðlast skilning á upplifun nemenda í diplómanámi og að fá fram sýn aðstandenda og mentora. Beitt var eigindlegum rannsóknaraðferðum en þær henta vel þegar leitað er eftir sjónarhornum þeirra sem taka þátt í rannsókninni og þeim skilningi sem þátttakendur leggja í reynslu sínu (Bogdan og Biklen, 1998; Esterberg, 2002).

Gagnasöfnun fór fram í nokkrum hlutum. Í fyrsta lagi voru tekin einstaklingsviðtöl við alla nemendurna 23 í upphafi náms, um miðbik þess og í lokin. Nemendur á lokaári í BA-námi í þroskaþjálfarafræðum og starfsmenn Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra tóku viðtölin. Leitað var eftir að unga fólkið lýsti með eigin orðum reynslu sinni og því sem þeim fannst skipta máli að koma á framfæri um námið. Í öðru lagi var stofnaður rýnihópur nemenda sem hittist þrisvar sinnum á námstímanum og hafði það hlutverk að meta hvernig til hafði tekist og hvað mætti bæta hverju sinni. Um rýnihópaviðtölin sáu tveir starfsmenn Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra. Viðtölin voru öll tekin upp á segulband og afrituð orðrétt af bandinu (Kvale, 1996). Í þriðja lagi unnu nemendur í diplómanámi og aðstandendur þeirra skriflegt mat á náminu í lok þess. Í fjórða lagi voru haldnir matsfundir með aðstandendum (alls fjórir) og mentorum (alls átta). Eftir fundina voru helstu niðurstöður skráðar og öllum gögnum um þá var haldið til haga. Í fimmta og síðasta lagi gerðu mentorar skriflegar skýrslur um reynslu sína og á þeim er einnig byggt í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Við gagnagreiningu var stuðst við nálgun grundaðrar kenningar (Strauss og Corbin, 1998). Þá var beitt eigindlegri þáttagreiningu við úrvinnslu úr skýrslum mentora og skriflegu mati aðstandenda og nemenda á náminu (Esterberg, 2002). Gagnagreining fór fram bæði samhliða gagnasöfnun og eftir að henni lauk formlega. Sú gagnagreining sem

fram fór samhliða gagnaöflun var nýtt til að setja jafnóðum fram niðurstöður í þeim tilgangi að þróa og bæta námið meðan á því stóð. Gagnagreining í lokin var gerð í þeim tilgangi að setja fram heildarniðurstöður um hvernig til tókst og með hvaða hætti þeir sem að náminu komu upplifðu það. Tilgangurinn var jafnframt að öðlast dýpri skilning á námi án aðgreiningar og varpa ljósi á reynslu þeirra sem tengdust náminu.

Siðferðilegar og aðferðafræðilegar áskoranir

Fólk með þroskahömlun er viðkvæmur hópur og því voru margar siðferðilegar og aðferðafræðilegar áskoranir sem rannsakendur stóðu frammi fyrir. Rannsóknin beindist auk þess að nýju og framsæknu námsframboði sem deildar meiningar voru um í upphafi. Í eigindlegum rannsóknum er talið mikilvægt að rannsakendur séu sér meðvitaðir um tengsl sín við rannsóknarefnið og geri grein fyrir þeim (Creswell, 1998; Taylor og Bogdan, 1998). Um framkvæmd og eftirfylgd rannsóknarinnar sáu umsjónarmenn námsins, sem eru auk þess höfundar þessarar greinar. Sú hætta er því fyrir hendi að við reynum að réttlæta námið og túlka niðurstöður okkur í vil. Við kynntumst auk þess nemendum í diplómanáminu og aðstandendum þeirra vel þau tvö ár sem námið stóð yfir. Innan eigindlegrar rannsóknarhefðar hefur verið bent á að of mikil tengsl rannsakanda við viðmælendur og viðfangsefnið, þ.e. í þessu tilviki námið geti haft áhrif á trúverðugleika rannsókna (sjá t.d. Lincoln og Guba, 1985). Við slíkar aðstæður geti skort gagnrýni á viðfangsefnið og að rannsakendur túlki niðurstöðu sér í vil. Við getum ekki fullyrt hvort þessir þættir hafi haft áhrif á nálgun okkar eða gert það að verkum að trúverðugleiki rannsóknarinnar sé minni. Aftur á móti teljum við að með því að kynnast viðmælendum eins vel og raunin varð höfum við átt auðveldara með að setja okkur inn í hugarheim þeirra og túlka skilning þeirra á viðfangsefninu. Þá má nefna að við höfum velt þessum atriðum fyrir okkur, ígrundað þau á hverju stigi rannsókna og reynt að bregðast við þeim eins og við höfum best getað. Bent hefur verið á að tengsl svipuð þeim sem hér er um að ræða geti sett viðmælendur í erfiða stöðu og að hætta sé á að þeir reyni að þóknast rannsakendum í svörum sínum. Þetta á ekki síst við um fólk með þroskahömlun (sjá t.d. Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur, 2006; Guðrúnu V. Stefánsdóttur, 2008). Til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta tókum við ekki sjálfar viðtöl við nemendur í diplómanámi heldur fengum til verksins nemendur á lokaári í BA-námi í þroskaþjálfrafræðum og starfsmenn Fjölmennatar, fullorðinsfræðslu fatlaðra. Auk þess má nefna að tilgangur rannsóknarinnar er ekki að alhæfa eða sanna vitnisburð þátttakenda heldur öðlast dýpri skilning á sjónarmiðum þeirra í því skyni að þróa nám á háskólastigi fyrir fólk með þroskahömlun.

Önnur siðferðileg áskorun í rannsókninni beindist að upplýstu samþykki en lítið er svo á að það sé eitt af grundvallaratriðum í siðferði rannsókna. Það felur í sér rétt þeirra sem eru rannsakaðir til að vita að verið sé að rannsaka þá (Bogdan og Biklen, 1998; Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Í rannsóknarvinnunni var lögð áhersla á að upplýsa þátttakendur um áður nefnda þætti. Allir nemendur, aðstandendur og mentorar gáfu upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni. Þá var einnig reynt að halda nafnleynd og trúnaði við þátttakendur eins og kostur var en slíkt er talið skipta miklu máli í eigindlegum rannsóknum, ekki síst þeim sem beinast að viðkvæmum hópum (Stalker, 1998; Taylor og Bogdan, 1998). Þar sem nemendur í diplómanámi tilheyra ákveðnum hópi innan háskóla-samfélagsins eru þeir auðþekkjanlegir sem og aðstandendur þeirra. Til þess að vernda þátttakendur eru ekki notuð rétt nöfn og í einstaka tilvikum er lýsingum á aðstæðum breytt til að koma í veg fyrir að þeir þekkist.

Ekki er óalgennt að fólk með þroskahömlun eigi erfitt með að tjá sig eða skorti málskilning og sú var raunin um nokkra af þátttakendum í rannsókninni. Booth og Booth (1996) benda á að algengt sé að sökinni sé skellt á vangetu fólksins í stað þess að líta svo á að rannsóknaraðferðir okkar séu takmarkaðar. Rannsakandinn þarf að vera úrræðagóður og finna leiðir til að afla upplýsinga. Varað hefur verið við að spyrja óskýrra og opinna

spurninga heldur þurfi oft að hvetja fólk, umorða og endurtaka til að vera viss um að fólk hafi skilið það sem um var spurt. Eins og að framan greinir er sú hættu einnig fyrir hendi að rannsakandi gangi of langt í túlkunum sínum og fái fram svör sem henta rannsókninni. Mikilvægt er því að leggja fólk ekki orð í munn og oftúlka ekki það sem sagt er (Booth og Booth, 1996; Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008; Walmsley, 1998). Tekið var tillit til þessara þátta í viðtölum við nemendur í diplómanámi. Nokkrar spurningar voru þó hafðar til viðmiðunar en þær voru aðlagðar hverjum einstaklingi eftir því sem hentaði. Spurningarnar beindust að félagslegri þátttöku nemendanna, námslegum áskorunum, starfsnámi og viðhorfum sem nemendurnir mættu í háskólasamfélaginu.

Helstu niðurstöður

Hér á eftir verða niðurstöður settar fram í nokkrum hlutum. Í fyrstu er sjónum beint að reynslu nemenda af náminu. Sá hluti er umfangsmestur enda er meginmarkmið þessarar greinar að fjalla um reynslu nemenda. Síðan er fjallað um sýn aðstandenda og að lokum mentora á námið og framvindu þess.

Upplifun nemenda í diplómanámi

Niðurstöður þessa hluta draga upp mynd af upplifun nemanna af náminu þau tvö ár sem það stóð yfir. Tilgangurinn er að veita innsýn í þann skilning sem þau leggja sjálf í reynslu sína af náminu og hvaða áhrif hún hefur haft á þau. Niðurstöðurnar hér á eftir byggjast á frásögnum nemenda í diplómanáminu þar sem þeir lýsa reynslu sinni af félagslegri þátttöku, námslegum áskorunum, starfsnámi og viðhorfum sem þeir mættu í háskólasamfélaginu.

Að vera háskólanemi – félagslegur ávinningur

Þrátt fyrir að flestir nemendurnir hafi lýst því að þeir hafi aukið námslega þekkingu sína töldu þeir að mikilvægasti ávinningurinn hefði verið samvera við aðra háskólanemendur og sú upplifun að vera í háskóla. Nemendur voru afar stoltir af því að vera háskólanemendur. Flestum þótti að vel hefði verið tekið á móti þeim í upphafi námsins og þeir voru ánægðir með háskólann sinn. Margt bendir til að sjálfstraust þeirra hafi vaxið á námstímanum. Ein ung kona hafði þetta að segja:

Nú er ég í háskóla eins og systir mín. Ég get lært eins og aðrir þó það taki stundum lengri tíma. Ég er svo stolt af háskólanum mínum og ég sagði við vinkonu mína í náminu að í háskóla verður maður að haga sér vel og fara eftir öllum reglum. Það þýðir ekkert að fara í fýlu. Það er litið á okkur alveg eins og hina í háskólanum.

Sambærilegar niðurstöður koma fram í skýrslu um ytra mat á náminu (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2009) en þar er tekið fram að „nemendur hafi kynnt sig með stolti sem nema í Háskóla Íslands“ og að þeir segi að það „hafi gefið þeim aukið sjálfstraust að vera nemi í háskóla“ (bls. 11).

Til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun nemenda í diplómanáminu og stuðla að fullri þátttöku innan háskólasamfélagsins var frá upphafi námsins haft samráð við stúdentafélag þáverandi Kennaraháskóla Íslands. Stúdentaráð tilnefndi tengilið við nemendur í diplómanámi og var um virkt samstarf að ræða á námstímanum. Meðal annars var einn af nemendum í diplómanámi kosinn sem varafulltrúi í stúdentaráð. Margir af nemendum í diplómanámi voru virkir í félagslífi skólans og mættu vel á ýmsa viðburði sem skólinn stóð fyrir. Þeir töldu að það hefði stuðlað að aukinni þátttöku þeirra í háskólaumhverfinu. Einn af nemendum lýsti þátttöku sinni á eftirfarandi hátt:

Ég mætti bara einn á Laugarvatn, fór með rútu frá háskólanum. Það var flott maður, svoldið fyllir en enginn leiðinlegur eða neitt svoleiðis. Ég var bara með

eins og hinir. Ég fór líka á árshátíðina, rosastuð, flott hljómsveit og skemmtiatriði en dýrt. Ég kynntist líka fullt að fólki og svo gat ég talað við suma í skólanum daginn eftir.

Nemendur töluðu einnig um að þeir hefðu ávallt mætt jákvæðu viðmóti, bæði á skrifstofu, í bókasafni og í mötuneyti og „allir hefðu verið almennilegir“ eins og ein ung kona orðaði það.

Eins og frá hefur verið greint var námið skipulagt með þeim hætti að á fyrsta misseri voru nemendur í diplómanámi saman á námskeiði sem var sérstaklega skipulagt fyrir þá. Eftir það voru nemendur með ófötluum háskólanemum í námskeiðum. Fram kom að félagsleg tengsl þeirra við aðra nemendur í háskólanum voru lítil á fyrsta misserinu, fólust þau aðallega í að nemendur hittust á bókasafni, kaffistofu, á göngum skólans og við ýmsa félagslega viðburði í háskólanum. Á öðru misseri voru nemendur í diplómanámi með nemendum í þroskaþjálfanami í námskeiðinu *Inngangur að fötlunarfræðum*. Þá fyrst kynntust þeir öðrum nemendum háskólans. Um þetta sagði ung kona:

Þegar við byrjuðum þá vorum við ekki mikið með öðrum nemendum í tíma, vorum bara sér. Svo byrjuðum við í námskeiði með þroskaþjálfanemunum. Ég var svolítið hrædd fyrst en svo fórum við að vinna saman fjögur og við gerðum rannsókn saman. Það var mjög spennandi og þá kynntumst við og hengum saman í frímínútum.

Á seinna ári námsins völdu nemendur námskeið innan háskólans sem þeir stunduðu með öðrum háskólanemum. Um var að ræða fjölbreytt námskeið innan þroskaþjálfabrautar og kennarabrautar og var áhersla lögð á að nemendur tengdu þessi námskeið við þann starfsvettvang sem þeir höfðu valið. Í þessum námskeiðum veittu mentorar nemendum stuðning. Ung kona sem var nemandi í náminu lýsti upplifun sinni:

Mér finnst allt skemmtilegt. Við höfum lært svo mikið og mér fannst skemmtilegast að vera í námskeiðum með hinum krökkunum í háskólanum. Ég vissi það ekki til að byrja með að við ættum að vera bara allir saman. Fyrst kveið ég fyrir og vildi helst vera með fötluum sem ég þekki en svo var það skemmtilegast og ég vil alltaf hafa það svoleiðis. Auðvitað eigum við að vera saman. Ég tók líka próf eins og hinir og hélt ræðu og vá hvað ég var stressuð en það var flott hjá mér.

Margir nemendanna höfðu stundað nám á starfsbrautum framhaldsskólanna og höfðu fæstir reynslu af námi við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna í jafn miklum mæli og hér var raunin. Í upphafi höfðu nemendur efasemdir um að nám við hlið ófatlaðra háskólanema væri eftirsóknarvert. Mentorarnir studdu nemendur til þátttöku, ruddu hindrunum úr vegi og stuðluðu að því að nemendur fundu sig örugga í háskólaumhverfinu. Í dæminu hér að framan kemur líka skýrt fram að þrátt fyrir efasemdir í upphafi námsins um nám við hlið ófatlaðra háskólanema voru flestir sammála um það í lok námsins að stærsti ávinningurinn af náminu hafi verið þau félagslegu samskipti og samvera með öðrum nemendum sem áttu sér stað.

Nemendur voru spurðir með hvaða hætti þeir teldu að námið hefði skilað þeim aukinni félagslegri þátttöku í samfélaginu. Svör eins og; „mér finnst ég eiga fleiri vini og auðveldara með að kynna mig og kynnast öðrum“, „ég á auðveldara með að kynnast fólki núna heldur en áður“ eða „ég hef eignast vini sem eru ekki fatlaðir“ voru algeng á meðal nemanna.

Námsleg áskorun

Eins og áður segir völdu nemendur ólík námskeið og því var upplifun þeirra af þátttöku í námskeiðunum ólík. Flest voru þau sammála um að þekking þeirra hefði aukist og að námið hefði falið í sér nýjar áskoranir. Stuðningur við nemendur í námskeiðum var metinn út frá þörfum og óskum hvers og eins. Í verklegum námskeiðum þurfti til dæmis ekki að einfalda námsefnið á sama hátt og í bóklegum greinum. Í öðrum námskeiðum var námsmat einfaldað og gerðar voru minni námskröfur en til annarra háskólanema. Nemendur í diplómanámi fylgdu þó yfirleitt skipulagi námskeiðanna, skilufu verkefnum og ritgerðum sem þau unnu, oftast með stuðningi mentora, og tóku próf. Í þeim tilvikum voru prófin aðlöguð nemendum. Nokkrir nemendur voru ánægðir með að taka próf, höfðu ekki gert það áður og fannst það mikil áskorun. Ein ung kona lýsir reynslu sinni á þessa leið:

Ég var alveg rosalega stressuð en ég undirbjó mig vel, hitti mentorinn minn og við fórum í gegnum efnið. Svo á eftir útskýrði ég fyrir kennaranum mínum og ég gat svarað flest öllu sem hún spurði um. Á eftir var ég svo glöð og ég hef bara aldrei þurft að taka próf eins og aðrir. Það var alveg frábært en erfitt. Ég var eins og allir hinir í háskólanum.

Í námskeiðunum komu nemandinn sjálfur, mentorinn og umsjónarmaður námskeiðsins sér saman um hverjar kröfurnar skyldu vera og þeim var síðan fylgt eftir af kennara í samstarfi við mentor. Nokkrum nemendum fannst of miklar kröfur gerðar til þeirra og námsefnið of erfitt. Um þetta sagði einn nemandinn: „Það var erfitt að skilja það sem kennarinn var að segja, alltof erfið orð.“ Öðrum fannst aftur á móti of litlar kröfur gerðar og einn nemandinn sagði: „Ég vildi meira heimanám, ég hélt maður þyrfti að læra meira heima í háskóla.“ Flestum þóttu þó kröfurnar hæfilegar. Ef til vill má ætla að þetta endurspegli kröfur í háskólanámi almennt og viðhorf háskólanemenda til námsins. Nemendur töluðu sérstaklega um hve mikilvægt hefði verið að læra að skrifa ritgerðir, koma fram og geta flutt mál sitt og vinna rannsókn. Í lok námsins lýsti ungur maður upplifun sinni á náminu:

Fyrst þurfti ég nú að læra að rata um háskólann, það var erfitt fyrst, svo þurfti ég að læra á bókasafnið, það var erfitt fyrst, svo þurfti ég að læra að skrifa ritgerðir, það var erfitt fyrst. Svo þurfti ég að vera með öllu þessu fólk í námskeiðum, það var erfitt fyrst. En þetta kom allt með kalda vatninu og ég lærði mikið og ég kynntist mörgum. Kennararnir voru ágætir og allir nemendurnir líka. Ég held ég eigi eftir að sakna allra, kannski held ég áfram seinna.

Þessi orð lýsa vel þeirri áskorun sem námið var fyrir þennan nemanda og margir höfðu svipaða sögu að segja.

Starfsnám

Mikilvægur þáttur í diplómanáminu var starfsnám nemenda. Starfsmenn Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra, sáu um framkvæmd starfsnámsins í samstarfi við umsjónarmenn námsins. Starfsnámið miðaði að því að undirbúa nemendur undir afmörkuð störf sem aðstoðarfólk á leikskólum, frístundaheimilum, bókasöfnum eða í félagsmiðstöðvum. Auk þess var lögð áhersla á að undirbúa nemendur til starfa á vettvangi málefna fatlaðs fólks. Starfsnámið fór fram á öllum misserum.

Mikil áhersla var lögð á að samþætta starfsnám og bóklegt nám. Sem dæmi má nefna reynslu ungs manns sem var í starfsnámi í félagsmiðstöð. Hann valdi námskeið í framsögn og leikrænni tjáningu. Verkefni hans í starfsnáminu fólst meðal annars í að fylgja eftir leikjaklúbbi fyrir nokkra hressa stráka í félagsmiðstöðinni. Hann lýsir leikjaklúbbum á eftirfarandi hátt:

Krakkarnir fóru út í leiki sem ég skipulagði og sá um ásamt Sveini starfsmanni. Leikirnir voru: Hlaupa í skarðið, Ein króna, Eitur í flösku, Dimmalimm, Tómatgur.

Gekk vel og það var gaman. Krakkarnir voru stilltir og fannst gaman að fara í útileiki. Ég lærði mikið á að vera með leikjaglúbbinn.

Eins og áður segir var um fjölbreytta starfsnámsstaði að ræða eins og greina má í lýsingum nemenda:

Á frístundaheimili:

Var að hjálpa strákaglúbbnum. Tala saman. Mála úti með krökkunum. Fannst erfitt þegar börnin höguðu sér illa.

Á bókasafni: Ég vann í afgreiðslunni að skanna bækur inn og út, ég var líka að skrifa út bækur sem voru ónýtar og blöð sem voru gömul og útrunninn. Svo raðaði ég bókum í hillur eftir stafrófsröð.

Dagþjónusta fyrir fatlað fólk:

Ég setti upp æfingakerfi fyrir fullorðinn mann, gerðum karlaglúbb, fórum við í körfubolta, köstuðum bolta á milli og rúlluðum stóra boltanum á milli.

Flestir nemendanna í diplómanámi voru ánægðir með starfsnámið. Lýsingar eins og „fannst æðislega gaman að vinna“ eða „fannst meiriháttar gaman að vera í starfsnámi“ voru dæmigerðar fyrir álit nemenda. Í upphafi starfsnámsins voru ekki allir ánægðir og nokkrir skiptu um starfsnámsstaði á tímabilinu. Helstu ástæður fyrir því voru að nemendum líkaði ekki störfin eða að þeir eða leiðbeinendur þeirra töldu að þeir réðu ekki við þau. Nemendur töldu að þeir hefðu lært mikið af starfsnáminu og einn þeirra sagði: „Lærði að vera ekki of harður við nemendur og ég lærði að hrósa ef þeir stóðu sig vel.“ Annar nemandi sagði að hann hafi lært að „fyrirgefa ef krakkarnir gerðu eitthvað rangt.“

Flestum fannst mikil áskorun felast í lokaverkefnum sem unnin voru í tengslum við starfsnámið. Þeir voru stoltir af afrakstrinum og því tækifæri að kynna verkefni sín á ráðstefnu sem haldin var í lok námsins.

Nemendur voru almennt ánægðir með starfsnámið og nokkrir töldu um að þeir vildu auka tímafjölda á vettvangi. Í lokaviðtölum við nemendur kom fram að fjórir höfðu viljrði um vinnu á starfsnámsstöðum að námi loknu og tveir biðu eftir svári.

Viðhorf í háskólaumhverfinu

Í viðtölum við nemendurna í diplómanáminu kom fram að þeir hefðu yfirleitt mætt jákvæðum viðhorfum í háskólaumhverfinu. Það bar þó við í upphafi námsins að nemendurnir upplifðu neikvæð viðhorf frá samnemendum sínum. Einn nemendanna sagði:

Þegar við byrjuðum að vinna saman í hópnum var eins og þær vildu ekki tala við okkur. Sátu bara við tölvurnar og við gerðum ekkert á meðan. Eins og þær héldu að við gætum ekkert. En svo lagaðist þetta þegar við fórum að vinna rannsóknina saman og við fórum að kynnast og hanga saman í frímínútum. Ég held að þau hafi verið hrædd við okkur fyrst og við vorum líka pínulítið hrædd við þau. Svo þarf bara að kynnast fólki og þá var þetta allt annað. Allir bara saman og finir vinir og svona.

Af þessu má ráða að í byrjun hafi gætt tortryggni í garð nemendanna í diplómanáminu en að viðhorfin hafi smám saman breyst. Svo virðist sem nemendur í diplómanámi hafi á

einhvern hátt þurft að sanna sig. Svipað kemur fram í skýrslu um ytra mat á náminu þar sem fjallað er um viðtöl við mentora. Þar lýsir einn þeirra að nemendurnir hafi átt þátt í að breyta viðhorfum hópsins til fólks með þroskahömlun til betri vegar (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2009). Auk þess má af þessu ráða að þroskaþjálfanemar og nemar í diplómanámi hafi verið óöruggir í byrjun. Að öðru leyti lýstu nemendur í diplómanámi því að ófatlaðir samnemendur hafi mætt þeim á jafningjagrundvelli.

Í viðtölum við nemendur kom fram að yfirleitt hafi þeir mætt jákvæðu viðmóti háskóla-kennara en þó nefndu tveir nemendur að þeir hefðu upplifað neikvæð viðhorf. Þegar þeir voru spurðir í hverju þessi viðhorf hafi falist svöruðu þeir því til að „sumir kennarar töluðu við okkur eins og smábörn“ og svo voru nokkrir „sem notuðu öðruvísi rödd, svona barnalega og háa“. Ætla má að ríkjandi samfélagslegur skilningur á fötlun hafi áhrif á framkomu háskólanemenda og kennara en í menningu samtímans hefur verið algengt að litið sé á fatlað fólk, ekki síst fólk með þroskahömlun, sem eilíf börn og óvirka gerendur í lífi sínu (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008; Rannveig Traustadóttir, 2006). Leiða má að því líkur að þessi viðhorf birtist í lýsingu nemendanna í diplómanáminu. Af þessu má þó ekki ráða að háskólakennarar eða nemendur hafi sér meðvitað komið fram á annan hátt við fólk með þroskahömlun en aðra nemendur.

Sýn aðstandenda

Flestir foreldranna voru ánægðir með skipulag námsins og töldu að náminu hefði verið vel fylgt eftir af stjórnendum þess og kennurum. Margir sáu einnig mentorakerfið sem mikilvægan hlekk í náminu. Sambærilegir þættir komu fram í skýrslu um ytra mat á náminu (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2009). Flestir foreldranna sem rætt var við telja að námið hafi staðið undir væntingum þeirra og það hafi mætt þörf fyrir nám að framhaldsskóla loknum. Foreldrarnir voru á einu máli um að sjálfstraust og sjálfstæði unga fólksins hefði aukist á þeim tíma sem námið stóð yfir. Þegar spurt var með hvaða hætti það birtist lýsti einn faðir því á eftirfarandi hátt:

Það er eins og hún hafi stækkað um marga sentimetra. Hún segir öllum frá því að hún sé nemandi í Kennaraháskóla Íslands. Hún er líka sjálfstæðari í öllum ákvörðunum og er ekkert alltaf að bera undir okkur foreldrana, hún vill ekkert ræða námið mikið, segir bara ef hún er spurð um heimanám: „ég geri þetta sjálf“ og svo fær maður ekkert að vita. Hún hefur líka mun meira frumkvæði núna.

Meirihluti foreldranna var sáttur við þá hugmyndafræði sem námið byggðist á, þ.e. nám án aðgreiningar þar sem fatlað fólk og ófatlað nemur saman á jafnréttisgrundvelli. Flestir töldu að samvera við aðra háskólanemendur væri ákjósanleg hvort sem væri í námskeiðum með ófötlum jafnöldrum eða félagslega. Í skýrslu um ytra mat á náminu komu fram sambærilegar niðurstöður (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2008). Einstaka foreldrar höfðu ekki trú á svo mikilli samskipan fatlaðra og ófatlaðra nema eins og gengið var út frá í náminu. Um þetta sagði ein móðir:

Þau hafa verið saman síðan þau voru börn, af hverju að stía þeim í sundur núna. Mér finnst það ekki gott. Held að þeim líði mun betur saman, þarna eru vinirnir og vinkonurnar frá því þau voru smákrakkar. Betra að vera með sér líkum.

Þegar sama móðir var spurð um reynslu dóttur sinnar af náminu sagði hún: „Hún hefur verið mjög ánægð í náminu og ég hefði ekki viljað að hún missti af því, hún hlakkar til á hverjum degi og er orðin miklu sjálfstæðari.“

Flestir voru ánægðir með samskiptin milli foreldra og háskólans. Þó fannst nokkrum foreldrum að upplýsingaflæði til foreldra hefði ekki verið nægilegt. Þeir hinir sömu lögðu til að rétt væri að hafa fasta foreldrafundi. Það er athyglisvert að í rýnihópi nemendanna í diplómanáminu kom skýrt fram hvaða afstöðu þau höfðu til foreldrafunda. Þau voru öll sammála um að foreldrafundir ættu ekki rétt á sér, það væri bara eitthvað „sem væri með smábörnum, ekki í háskólum“ eins og ungur maður orðaði það. Það sem þeim þótti mikilvægast var að talað væri beint við þau um atriði sem vörðuðu nám þeirra. Það átti jafnt við um foreldra, samnemendur, kennara og mentora. Um þetta sagði ungur maður:

Við erum í háskóla og þá eigum við að tala sjálf, við erum fullorðin, stundum þurfum við kannski að fá hjálp frá mömmu eða kennaranum en við eigum að ákveða það sjálf.

Mörgum foreldranna fannst mikilvægt að litið væri á nemendur í diplómanámi sem fullorðna námsmenn og því ættu foreldrar að skipta sér sem minnst af námi þeirra. Flestir foreldranna fylgdust ekki með námi barna sinna frá degi til dags. Um þetta sagði einn faðir:

Mér finnst ótrúlegur léttir eftir að hann byrjaði í þessu námi að vera ekki alltaf með nefið niðri í öllu í skólanum. Það er oft erfitt fyrir okkur foreldra að sleppa takinu en við vorum algjörlega tilbúin. Mentorinn hefur séð um að aðstoða hann með heimanámið og þau gera það í skólanum. Minn vill ekkert ræða þetta heima. Hann er stoltur af því að vera í háskóla og ég held að honum finnst þetta bara ekki koma okkur við, nú sé hann fullorðinn háskólastúdent.

Einstaka foreldrar bentu á að bæta mætti stuðningskerfi fyrir nemendur í háskólaumhverfinu og að sumir þeirra hefðu þurft meiri stuðning heldur en gert var ráð fyrir í náminu. Þetta átti sérstaklega við um biðtíma, þ.e. þegar eyður voru í stundatöflum og eins þegar nemendur þurftu að bíða eftir að vera sóttir í lok dags. Um þetta sagði ein móðir:

Það þýðir náttúrulega ekkert að halda að þau geti öll bara bjargað sér. Sumir geta það en aðrir ekki. Það getur alltaf komið eitthvað uppá og það er óþægilegt fyrir foreldra að vera ekki öruggir um börnin sín.

Flestum foreldranna fannst það aftur á móti mikill kostur að nemendurnir þyrftu sjálfir að bjarga sér í háskólaumhverfinu og töldu að slíkt hefði jákvæð áhrif á sjálfstæði og sjálfstraust. Ein móðir sagði:

Þó maður sé sjálfur oft skíthæddur þá verða þau að fá tækifæri eins og aðrir til að bjarga sér. Ég held að oft séu foreldrar allt of hræddir við það. Þau verða að fá að reka sig á eins og aðrir.

Foreldrar töluðu einnig um að mikilvægt væri að námið reyndi hæfilega mikið á nemendur og flestir töldu svo vera. Örfáar undantekningar komu fram, einni móður fannst of litlar kröfur gerðar í náminu og tveimur fannst of miklar kröfur gerðar.

Reynsla mentora

Eins og fram hefur komið í máli nemenda í diplómanáminu sem hér er fjallað um reyndust mentorarnir afar mikilvægur hlekkur í námi þeirra og stuðningur þeirra átti stóran þátt í að stuðla að námi án aðgreiningar. Hér á eftir er byggt á 12 skýrslum sem mentorar unnu um reynslu sína af þátttöku í diplómanáminu. Mentorakerfið þróaðist þau tvö ár sem námið stóð yfir en seinna árið var boðið upp á námskeið fyrir mentora. Námskeiðin hófust því

Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun

ekki formlega fyrr en eftir að stuðningur mentora við nemendur í diplómanámi hófst. Nokkrir mentoranna töldu skorta undirbúning. Um þetta segir einn af mentorunum:

Þessi reynsla hefur verið mjög jákvæð en ég hefði viljað að undirbúningur hefði verið betri. Fyrst þurftum við að prófa okkur áfram sjálf og ég var ansi óörugg en eftir á að hyggja lærði ég heilmikið af því líka. Eftir að mentoranámskeið hófst þróaðist þetta á mjög jákvæðan hátt og við fengum fínan stuðning.

Hlutverk mentora var að styðja nemendur í námskeiðum, við heimanám og veita þeim félagslegan stuðning í háskólaumhverfinu, allt eftir þörfum hvers og eins. Í flestum tilfellum stunduðu þeir nám í sömu námskeiðum og nemendur úr diplómanámi. Hér á eftir lýsa tveir mentorar í hverju hlutverk þeirra fólst:

Við vorum tvær saman og studdum fjóra diplómanema. Við vorum með þeim í fyrirlestrum og verklegum tímum sem tengdust námskeiðinu. Svo hittumst við á milli tíma til að vinna verkefnið saman. Við unnum verkefnið í samstarfi við þau og líka kennarana í námskeiðinu. Suma daga var verkefnavinnan auðveld og allt gekk vel, en þó komu dagar þar sem samstarfið var erfiðara og lítið komst í gang. Það gæti hafa verið þegar verkefnið voru erfiðari. Á hverjum mánudegi hittumst við og lærðum saman. Við lærðum af þeim og þau af okkur.

Mentorar studdu einnig nemendur í kennslustundum eftir þörfum hvers og eins. Hér lýsa mentorar hvernig þetta gekk fyrir sig:

Fyrirlestrarnir í þessu námskeiði voru mjög skemmtilegir og tóku þau öll mikinn þátt í þeim, svöruðu spurningum í hvert sinn sem spurt var. Þau komu með hugmyndir ef kennarinn bað um. Fyrirlestrarnir voru yfirleitt um efni sem þau gátu tengt við, eitthvað um störf sem þau höfðu unnið, t.d. leikskóla- eða grunnskólastörf sem þau þekktu af eigin reynslu. Þau tóku alveg jafnan þátt og aðrir nemendur í námskeiðinu.

Að mati mentora farnaðist nemendum í diplómanámi oftast nær vel. Jafnframt kom það fram að mentorum fannst nemendur hafa eflst meðan á náminu stóð. Einn mentorinn lýsir reynslu sinn á eftirfarandi hátt:

Þegar ég lít yfir farinn veg með Sigríði finnst mér hún hafa vaxið mikið og eiga auðveldara með að trúa á sjálfa sig, treysta sér til að spyrja spurninga í kennslustundum, spjalla við aðra nemendur og stýra mér sem aðstoðarmanneskju.

Mentorarnir voru sammála um að reynslan sem þeir öðluðust væri dýrmæt. Um hana sagði háskólanemi í Kennaradeild:

Mér fannst þetta algjörlega frábær reynsla og ég sé þennan hóp allt öðruvísi núna. Mér fannst þetta mjög áhugavert frá byrjun, hef unnið með fötluðu fólki en þetta var alveg ný reynsla. Þau kenndu mér að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi og það var mikil áskorun að aðstoða þau og finna leiðir til að aðlaga námsefnið. Ég var mentor fyrir tvö og þau voru bæði alveg frábær, ótrúlega skemmtileg og jákvæð.

Margir töluðu um að viðhorf þeirra til fólks með þroskahömlun hefði breyst á tímabilinu. Einn háskólanemi í þroskaþjálfarafræðum sagði í sinni skýrslu:

Að hafa farið á mentoranámskeiðin sl. tvær annir hefur verið mikill fengur fyrir mig. Það hefur verið þroskandi reynsla sem hefur mótað viðhorf mitt og

staðfest þá sannfæringu mína að allir eigi rétt á að ganga í almennan skóla, á öllum skólastigum, án aðgreiningar.

Mentorarnir voru jákvæðir í umfjöllun sinni um reynslu þeirra af mentorahlutverkinu og töldu það til forréttinda að hafa tekið þátt. Í einni skýrslunni segir háskólanemi í þroskaþjálfrafræðum:

Það er heiður að fá að upplifa og taka þátt í okkar fyrstu skrefum í háskólanámi án aðgreiningar. Ég hef gert mér grein fyrir að það er vel mögulegt fyrir fólk með þroskahömlun að stunda háskólanám. Með þessa reynslu er ég ríkari og hef öðlast þekkingu sem mun nýtast mér í lífi og starfi. Af öllum þeim námskeiðum sem eru í boði í þroskaþjálfanáminu er þetta eitt af því sem stendur upp úr, ásamt því að þeir diplómanemendur sem ég var stuðningur fyrir eru á meðal þeirra bestu kennara sem ég hef kynnst á mínum námsferli.

Annar nemandi benti á að námskeiðið *Mentor í starfstengdu diplómanámi* „ætti að vera skylduáfangi fyrir alla nemendur á Menntavísindasviði.“ Af þessu má ráða að mentorar telja að þeir hafi lært mikið og að reynsla þeirra af mentorahlutverkinu sé dýrmætt veganesti fyrir þá bæði persónulega og í starfi.

Samantekt og niðurlag

Eins og áður segir var diplómanámið skilgreint sem rannsóknartengt tilraunaverkefni sem fylgt var eftir með þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að þróa námið, stuðning við nemendur og stuðla að enn frekara námi án aðgreiningar. Í þeim tilgangi var reynt að öðlast skilning á upplifun nemenda í diplómanámi og að fá fram sýn aðstandenda þeirra og mentora.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að nemendur í diplómanámi hafi flestir verið ánægðir með námið og það hafi staðið undir væntingum þeirra. Fram kemur hjá nemendum, aðstandendum og mentorum að námið hafi aukið nemendum sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæði. Enn fremur að námið hafi ögrað þeim námslega og verið viðbót við það nám sem þeir höfðu áður stundað. Svipaðar niðurstöður komu fram í ytra mati sem gert var á náminu (Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir, 2009). Nemendur lýstu einnig yfir ánægju með að hafa áhrif á samsetningu námsins og geta valið sér áfanga í samræmi við áhuga og framtíðarsýn í starfi. Þá kom skýrt fram að þrátt fyrir efasemdir nemenda og aðstandenda um hugmyndafræði námsins, þ.e. nám án aðgreiningar, voru flestir sammála um það í lokin að stærsti ávinningur af náminu hafi verið félagsleg þátttaka í háskólaumhverfinu og samvera við aðra háskólanemendur. Nemendur töluðu um að þeir hefðu notið viðurkenningar í háskólaumhverfinu, sérstaklega frá samnemendum og að það hefði átt stóran þátt í auknu sjálfstrausti þeirra og sjálfstæði. Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsóknnum sem gerðar voru á háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskólann í Dublin (O'Brien, 2009) og í Bandaríkunum (Hart o.fl., 2006). Af þessu má draga þá ályktun að til þess að raunveruleg félagsleg þátttaka eigi sér stað þarf fólk með þroskahömlun að hafa tækifæri til að eiga félagsleg samskipti við ófatlað fólk. Ekki nægir að fatlað og ófatlað fólk deili sama umhverfinu. Þetta er í samræmi við niðurstöður úr íslenskum og erlendum rannsóknnum (Dóra S. Bjarnason, 2004; Hart o.fl., 2006).

Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu yfirvalda á Íslandi um skóla án aðgreiningar kom fram í rannsókninni að margir af nemendum í diplómanámi höfðu ekki reynslu af raunverulegu námi án aðgreiningar. Þeir höfðu stundað nám innan veggja grunn- og framhaldsskóla í sérdeildum eða á sérnámsbrautum og í sérskólum. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er tilgreint að stefna skuli að því að koma á mentakerfi, án

aðgreiningar á öllum skólastigum. Enn fremur er tilgreint að til þess að svo megi verða þurfi að gera viðeigandi aðlögun og í því samhengi fjallað um stuðning við nemendur. Í diplómanáminu fólst þessi aðlögun í einstaklingsmiðuðu námi þar sem lögð var áhersla á að skapa nemendum tækifæri til að hafa áhrif á framvindu námsins. Stuðningur við nemendur fór að miklu leyti fram í gegnum mentorakerfið og byggt var á samstarfi við háskólakennara og annað starfsfólk. Í niðurstöðum kom fram að mentorar áttu stóran þátt í að styðja nemendur til þátttöku, ryðja hindrunum úr vegi og stuðla að því að nemendur upplifðu sig örugga í háskólaumhverfinu. Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsókn sem gerð var um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun í Trinity College í Dublin. Þar var sérstaklega fjallað um mikilvægi mentora og bent á að þeir hefðu gegnt lykilhlutverki í því að gera nám án aðgreiningar að veruleika (O'Brien o.fl., 2009). Í skýrslum mentora kom fram að þeir sjá þátttökuna sem kost í námi sínu og sumir töluðu um að hún hefði breytt viðhorfum þeirra í garð fatlaðs fólks. Því má álykta að bæði fatlaðir og ófatlaðir háskólanemar hafi haft ávinning af þátttöku í náminu.

Nemendur í diplómanámi lýsa því að þeir hafi notið viðurkenningar í háskólaumhverfinu. Þó benda niðurstöður rannsóknarinnar til að í upphafi námsins hafi gætt tortryggni í samskiptum ófatlaðra háskólanema og diplómanema. Með aukinni samveru lærðu nemendur að skilja hvern annan og þegar á leið var þessi áskorun úr sögunni. Nemendur í diplómanámi mættu yfirleitt jákvæðu viðmóti háskólakennara en þó bar á að talað hafi verið til þeirra eins og þeir væru börn. Í rannsókninni kom fram að nemendur í diplómanáminu óska eindregið eftir að komið sé fram við þá eins og fullorðin fólk. Ætla má að ríkjandi samfélagslegur skilningur á fötlun hafi áhrif á framkomu háskólanemenda og kennara í upphafi námsins en í menningu samtímans hefur verið algengt að lítið sé á fatlað fólk, ekki síst fólk með þroskahömlun, sem eilíf börn, óvirka gerendur í lífi sínu og geta þeirra hefur verið vanmetin (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008; Rannveig Traustadóttir, 2006). Það sem helst má læra af niðurstöðum þessarar rannsóknar er mikilvægi þess að nýta þá reynslu og þekkingu sem hér hefur fengist til áframhaldandi þróunar á námi í háskóla fyrir fólk með þroskahömlun. Jafnframt má nefna þau jákvæðu áhrif sem diplómanemar höfðu í háskólasamfélaginu sem birtust meðal annars í breyttum viðhorfum ófatlaðra háskólanema í garð fólks með þroskahömlun. Diplómanámið hefur án vafa átt þátt í að auka vísýni og margbreytileika í háskólaumhverfinu.

Í þessari grein hefur verið fjallað um fyrsta námsframboð í háskóla fyrir fólk með þroskahömlun hér á landi. Eins og greint var frá byggðist diplómanámið meðal annars á stefnu um *skóla án aðgreiningar*. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að nemendur, aðstandendur og mentorar telji stærsta ávinning diplómanema hafi falist í félagslegri þátttöku og námi án aðgreiningar í háskóla. Þrátt fyrir að vel hafi tekist að fylgja eftir stefnu um *skóla án aðgreiningar* í diplómanáminu virðist enn langt í land að markmiðum stefnunnar í grunn- og framhaldskóla hafa verið náð. Niðurstöður rannsóknarinnar geta því verið mikilvægt framlag til umræðu um framkvæmd skóla án aðgreiningar á öðrum skólastigum.

Heimildir

Barnes, C., Oliver, M. og Barton, L. (ritstj.). (2002). Disability studies today. Cambridge: Polity Press.

Birna Sigurjónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir. (2009). Skýrsla um ytra mat á starfstengdu diplómunámi fyrir fólk með þroskahömlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Óbirt skýrsla. Háskóli Íslands: Menntavísindasvið.

- Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (3. útg.). Boston: Allyn og Bacon.
- Booth, T. og Booth, W. (1996). Sound of silence: Narrative research with inarticulate subjects. *Disability and Society*, 11(1), 55–69.
- Creswell, J. W. (1998). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions*. London: Sage Publications.
- Dóra S. Bjarnason. (2004). *New voices from Iceland: Disability and young adulthood*. New York: Nova Science Publishers.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social research*. Boston: The McGraw-Hill.
- Grantley, G. (2000). Towards inclusion in university of people with intellectual disabilities. Sótt 8. júlí 2010 á slóðina: http://www.isec2000.org.uk/abstracts/papers_g/grantley_1.htm.
- Greтар L. Marinósson (ritstj.). (2007). *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir. (2007). *Diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun*. Óbirt skipulagsskrá. Háskóli Íslands: Menntavísindasvið.
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2008). „Ég hef svo mikið að segja“: *Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Hafdís Guðjónsdóttir. (1994). Heildtæk skólastefna – samvirkt nám. *Glæður, tímarit um uppeldis- og skólamál*, 4(1), 4–14.
- Hafdís Guðjónsdóttir. (2004). Kennarar ígrunda og rannsaka eigin stöðu. *Tímarit um menntamál*, 1(1).
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2006). Völd og valdaleysi: Um siðferði og ábyrgð rannsakanda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 122–136). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hart, D., Grigal, M., Sax, C., Martinez, D. og Will, M. (2006). Post-secondary education options for students with intellectual disabilities. *Res Pract*, 45:1–4.
- Helga Gísladóttir. (2007). *Nám á starfsbraut framhaldsskóla: Undirbúningur fyrir fullorðinsár*. Óbirt M.Ed.- ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2005). *Tilfærsla fatlaðra ungmenna úr skóla yfir í atvinnulíf*. Óbirt M.Ed.- ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Skóli fyrir alla: Þriðji hluti. Vaxtaverkir 1966–1984. Í Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007. Síðara bindi. 1946–2007* (bls. 157–173). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Björnsdóttir. (2002). *Þroskaheftir framhaldsskólanemendur*. Óbirt M.A.-ritgerð: Háskóli Íslands.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974.*

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lincoln, Y.S. og Guba, E. (1985). *Naturalistic inquiry*. Beverly Hills: Sage.

María Hildipórsdóttir. (2006). *Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla*. Óbirt M.Ed.- ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Menntamálaráðuneytið. (2005). *Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla; Sérdeildir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

O'Brien, P., Shevlin, M., O'Keeffe, M., Fitzgerald, K., Curtis, S. og Kenny, M. (2009). Opening up a whole new world for students with intellectual disabilities with in third level setting. *British Journal of Learning disabilities*, 37(4), 285–292.

Rannveig Traustadóttir (ritstjóri). (2006). *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2007). Sótt 28. sept. 2011 á slóðina: [http:// www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf)

Stalker, K. (1998). Some ethical and methodological issues in research with people with learning difficulties. *Disability and Society*, 13(1), 5–19.

Stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar. (e.d.). Sótt 3. ágúst 2010 á slóðina: <http://www.throskahjalp.is/Frettiroggreinar/Stefnuskra/>

Strauss, A. og Corbin, J. (1998). *Basics of qualitative research* (2. útg.). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Taylor, S. og Bogdan, R. C. (1998). *Introduction to qualitative research methods* (3. útg.). New York: John Wiley & Sons.

UNESCO. (1994). *The Salamanca world conference on special education: access and quality*. Paris, UNESCO and Ministry of Education.

Walmsley, J. (1998). Life history interviews with people with learning disabilities. Í R. Perks og A. Thomson (ritstjórar), *The oral history reader* (bls. 126–139). London: Routledge.



Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir. (2011). Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun *Netla – Vefrit um upplæfing og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/003.pdf>